

Verklegt próf. Vottun 2022. Tækniskólinn.

1. Fylla út þjónustuskýrslu af kæli – frystikerfi, Tækniskólanum. Skýrslan er undir „þjónustuskýrslur, sýnishorn“ í Moodle.
2. Slaglóða tvö 10 mm koparrör, lengd röra ca 70 mm hvort, tengd saman með með 10 mm suðumúffu í láréttri stöðu. Muna eftir að þússa enda röranna og hreinsa „gráða“ sem myndast við skurðinn. Þegar þússað er og „gráða“ fjarlægð skal vísa rörendanum sem unnið er við, niðurávið. Muna eftir bakgasi áður en slaglóðað er.
3. Skipta um olíu á þjöppu, kerfi í Tækniskólanum. Hér þarf að vigta kælimiðilinn af þjöppunni og setja sama magn eftir vigt af nýrri olíu á kerfið þ.e.a.s. ef fyrir var nægjanleg olía í sveifarhúsi þjöppunnar samkvæmt sjóglasi.
4. Lofttæma þjöppu. Ath. Vacuum þarf að nást niður í 250 micron.
5. Þrýstiprófa þjöppu eftir olíuáfyllingu með köfnunarefni.
6. Fylla út skýrslu „Kæliefnanotkun“ hvort sem um ræðir olía eða kælimiðill. Skýrslan er undir „þjónustuskýrslur, sýnishorn“ í Moodle.
7. Gangsetja kerfið og lekaleita með electronisku leitartæki.
8. Stilla lágþrýsti og háþrýstipressostöt eftir beiðni prófdómara. Þarna þarf að stilla gildi stöðvunar þjöppu og gildi gangsetningar þjöppu.

Ath; að skoða myndböndin sem eru inni á Moodle undir „Vacumdælur, áfylling og aftöppun“.